



Stjórnarfundur AKÍS - Fundargerð

Staður og tími: fjarfundur - 23. ágúst 2022 kl. 18:00

Mær aðalmenn: Aðalsteinn Símonarson (AS), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Halldór Jóhannsson (HJ), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Baldvin Hansson (BH), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS) og Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR).

Mættir varamenn:

Fundinn sat einnig Bergur Þorri Benjamínsson framkvæmdastjóri.

Fjarverandi: Sigurjón Andersen (SA) og Sigfús B Sverrisson (SBS) varamenn.

AS ritaði fundargerð.

1. Motorsport Games

Hinrik Haraldsson hefur sent inn erindi og óskað eftir að Hákon Jökulsson taki þátt í Motorsport Games sem haldnir verða í Marseille í Frakkland á vegum FIA í lok október 2022. Þátttökugjald er 1.000 EUR og er óskað eftir stuðningi.

Ákveðið að sambandið geri hvað það getur til að aðstoða aðila sem keppa á erlendri grundu. Hins vegar sé að svo stöddu ekki aðstoða til að styrkja slíka þátttöku með beinum fjárframlögum.

2. Motorsport Games Fundir

Á Motorsport Games vikuna 24. -29. okt verður haldin ráðstefna og fundir á vegum FIA. Búið er að senda tilkynningu um að Evrópuráðstefna FIA verður haldin þann 28. okt. En einnig verður framkvæmdastjórafundur Evrópu haldinn á þessu tíma ásamt NEZ Council fundi.

Lögð var fram kostnaðaráætlun uppá 360 þús. fyrir flug, gistingu og bílaleigubíl fyrir tvo.

Ákveðið að formaður og framkvæmdastjóri fari á þessa fundi fyrir hönd sambandsins.

3. Fjölmíðlamál

Huga þarf tímanlega að fyrirkomulagi leyfisveitinga fyrir upptöku og birtingar á efni frá akstursíþróttu viðburðum.

HKS leggur til að skipaður verði vinnuhópur til að móta tillögur sem síðan verði lagðar fyrir sérstakan fund með formönnum aðildarfélaga til að ræða þetta málefni.

Tillagan samþykkt og ákveðið að leita til Einars Gunnlaugssonar, Ingimundar Helgasonar og Aðalsteins Símonarsonar um setu í vinnuhóp og BPB verði þeim innan handar.

4. Fjármál sambandsins

Lagt fram uppgjör fyrir fyrstu sjö mánuði ársins. Tekjur eru töluvert yfir áætlun, einkum vegna hærri framlaga frá Lottó. Þá eru gjöld heldur lægri en í áætlun, munar t.d. um minni ferðakostnað erlendis.

5. Málefni Rallý Reykjavík



Erindi barst frá BÍKR þann 17. ágúst s.l. þar sem óskað var eftir að halda keppni í Íslandsmótinu 29. ágúst. Stjórn ákvað að ekki væri hægt að verða við þeirri ósk þar sem Reglugerð um keppnishald kveður á um að keppnir skuli auglýstar með a.m.k. 15 daga fyrirvara.

6. Rafmagnsbílar í spyrnu

Keppnir hafa verið haldnar af BA og KK að undanförunu þar sem rafknúin ökutæki hafa tekið þátt. Formaður Öryggisráðs hefur sent erindi til skrifstofunnar og lýst áhyggjum af þessu og vakið athygli á að sérhæfðan Öryggisbúnað geti þurft til að bregðast við óhöppum í þessum ökutækjum.

Ákveðið að fela framkvæmdastjóra að leita eftir frekari upplýsingum frá bæði FIA og slökkviliðum og vinna málið áfram með Öryggisráði í samvinnu við keppnisráð í viðkomandi greinum.

7. Önnur mál

Lagt fram til kynningar bréf frá formanni AKÍS til stjórnar vegna keppni BA í rallycrossi. Formaður vék af fundi undir þessum lið.

Næsti fundur 6. september kl. 18.00 á Zoom

Fundi slitið kl. 19.53